Þórsteinn Þórsteinsson skrifar um

myndlist

Kjarvalsmyndir á Kjarvalsstöðum

Portrettin á Kjarvalssýningunni draga ekki að sér athygli manns fyrir þá sök, að afgangurinn af myndunum standi þeim ekki alveg á sporði og portrettin eru heldur ekki merkari þáttur sýningarinnar í eiginlegum skilningi. Sýningin sem slík er hins vegar mestan part sett saman af portrettum, þó ekki í meiri mæli en það, að hún verkar í og með sem landslagsmyndasýning í því sniði, sem mun þrykkt inn í vitund flestra íslendinga. Jóhannes S. Kjarval þessi oddviti klungurs og öræfa í ísl. myndlist hefur er allt kom til alls, ekki gleymt sér í hljóðskrafi við iðandi grúa vætta og tröllа handan landamerkja raunveruleikans. Þvert á móti virðist hann einmitt flestum hnútum kunnugur á markaðstorgi hins hversdagslega mannlífs, þar sem ófresk listamannasjón afburðamannsins dregur inn í hvern sálarafkimann á fætur öðrum. Viðáttur öræfanna lyfta huganum, en nakið andlit og mannleg geymd, sem fléttast látlausum, einlægum pennadrætti eða pensilstriki gerir hvern „göfug-sælli", svo notuð séu orð Stephans G. Stephanssonar. Þannig og aðeins þannig telur undirritaður að megin listarinnar verði ávallt numið, burt séð frá allri flokkun. Kjarval er barn síns tíma. Þess vegna leggur hann engar hömlur á túlkun hins upphafna á viðari reynslu sinni og skynjun. Við skulum bera niður í plasseringu fyrirmyndanna á grunninum. Stundum finnst manni eyðan vera helzt til um of. Við þreifum okkur ósjálfrátt áfram, og í huganum förum við að klippa af. Árangurinn er líkastur því að reka sig á steinvegg. Slatti af myndinni gufar strax upp fyrir hugskotssjónum okkar, karakter verksins er fokinn ofan af því. Eftir svona tilraun fikrum við okkur ráðþrota að næstu mynd. Þar megum við svo vænta þess, að jöðrunum sé þjappað svo að fyrirmyndinni, að okkur finnist í fyrstu, að henni hljóti að vera andþröng. Við ráðum fram úr vandanum á þá lund að beita ímyndunaraflinu, til að vikka myndgrunninn. Nú bregður svo við, að þótt öll strikin og fletirnir verði eftir á sínum stað, vantar skyndilega slagkraftinn, sem við vorum að dást að. Mynd no. 49 er til marks um fyrra dæmið. Sum portrett Kjarvals, sem auðkennast með þessu móti, eru gáta, sem er hreint ekki svo auðhlaupið að því að ráða, því að um tildur er ekki að ræða. Annars er fjölbreytni portrettanna mjög mikil. Einstaka mynd er þó undir núlli.

En það er svo sem með sanni nógu torvelt að dotta aldrei í jafnlangri vöku og þessi sýning ein er vitnisburður um. Vart mun nokkur kapituli í íslenzkri myndlist glæddur jafn áköfum, kvikandi stíl og portrettasafn Kjarvals, án þess þó að kjölfestan rýrni í nokkru. Stundum er maður kominn á flugstig með að grýta tiltekinni mynd í óæðra minningasafn hugskotsins. En svo rankarðu þannig við þér, að þú hélzt að þú værir löngu búinn að færa þig að næstu mynd. Sá grunur laumast að manni, að Kjarval hafi blátt áfram sett hugann í grínstellingar, er hann hófst handa við portrett.



Óhjákvæmileg afleiðing þessarar skoðunaraðferðar utangarðsmannsins er sú niðurstaða, að listamanninum sjálfum hafi verið áskapaður tragiskur skilningur á viðfangsefninu, svo þungur kross sem slíkt getur annars verið. Það þarf engan vitring til að sjá, að maðurinn, sem lagði inn þessa drætti og línur, hefur oftar en einu sinni haft lágspil á hendi í spilavítinu mikla. Á sinn sérstaka hátt vinnur hann samt hvern slaginn á fætur öðrum.



Það var mikið verk að draga innrásarprammann frá NATO upp í slippinn hjá Stálsmiðjunni á dögunum. Þar verða gerðar gagngerðar breytingar á honum næstu mánuði, en næst þegar hann fer á flot, verður hann orðinn íslenzkt sanddæluskip. (Tímamynd G.E)

Innrásarprammi keyptur til landsins

SKÖMMU fyrir áramótin var heldur óvenjulegt skip dregið upp í slipp hjá Stálsmiðjunni í Reykjavík. Var þarna um að ræða heljarmikinn innrásarpramma, sem Björgun h.f. keypti til landsins í haust og ætlar að láta breyta.

Kristinn Guðbrandsson framkvæmdastjóri hjá Björgun, sagði okkur, að þennan pramma hefði fyrirtækið keypt á s.l. sumri frá Bretlandi og hefði hann kostað um sex milljónir króna.

Hann hafi verið lítið notaður nema til æfinga á vegum NATO, enda hefði lítið sézt á honum nema örfáar dældir á síðunum.

— Hann var dreginn hingað heim af Goðanum í september s.l. og hefur verið inni í Sundahöfn síðan, sagði Kristinn. En við ætlum að láta breyta honum í sanddæluskip, enda er hann vel til þess fallinn.

Það á að lengja hann um eina tíu metra og síðan á að setja á hann stóran krana ásamt öðrum verkfærum til dýpkunar og sandöflunar. Við vonumst til að þessum framkvæmdum verði lokið um mitt næsta sumar, og þá verður hann strax settur í vinnu, enda eru nóg verkefni sem bíða hans.

— -klp—

Lítil leiðrétting að bók Hilmars Jónssonar:

FÓLK ÁN FATA

Ég þakka Hilmari Jónssyni góðlátleg ummæli um eiginmann minn látinn og mig, en vil leyfa mér að lagfæra nokkur smáatriði (á bls. 67):

1.) Sjúkrahús Keflavíkur hóf starfsemi ekki 1953, heldur 1954.

2.) Bjarni Sigurðsson var ekki ættaður af Barðaströnd, heldur aðeins fæddur þar og alinn upp.

3.) Maður minn myndi aldrei hafa tekið svo djúpt í árinni að kalla sig „þýzkmenntaðan", þótt honum kynni að hafa þótt upphefð í því að heyra sig nefndan á þann hátt. Hann menntaðist að öllu leyti á Íslandi og var orðinn héraðslæknir í afskekktu héraði, þegar hann fór utan til frekari náms. Menntunin, sem hann sótti til Þýzkalands, takmarkast af viðurkenningu hans sem sérfræðings í skurðlækningum af hálfu þýzkra heilbrigðisyfirvalda.

4.) Þegar hann kom til Íslands, fór hann ekki fyrst til Ísafjarðar, heldur til Búðardals.

5.) Ég vildi að satt væri sem Hilmar segir, að Bjarni væri orðinn fullorðinn maður og hefði fengið að deyja eðlilegum dauða, saddur lífdaga. Maðurinn minn varð bráðkvaddur á miðjum aldri eins og fleiri læknar á þessu tímabili takmarkalausrar rányrkju á starfskröftum lækna. Bjarni Sigurðsson var 49 ára, þegar hann kom til Keflavíkur 1954, og 53ja, þegar hann lézt.

Ég get vel skilið, að Hilmari virtust „dagar hans hafa lit sínum glatað", eins og hann kemst svo skáldlega að orði, því Bjarni var orðinn yfir sig þreyttur þennan síðasta vetur, og Hilmar mun varla hafa komið auga á hann fyrr. En frekar gæti ég trúað, að lítið gaman hafi Hilmari þótt að manni, sem gekk alveg upp í starfi sínu og lét sig engu skipta dægurþras og málaferli, og hefði sannarlega betur farið, fyrst Hilmar þurfti endilega að tala um hann, ef hann hefði nefnt, að á dögum Bjarna var vinnufriður í Keflavík og samvinnan óaðfinnanleg, bæði meðal læknanna og með öðrum starfshópum. Er mér með öllu óskiljanlegt af hverju Hilmar, sem hefur frá svo mörgu að segja, skuli þurfa að eyða orðum á mann, sem kemur söguþræðinum ekkert við og sem sannarlega tilheyrir ekki „fólkinu án fata". Hefði í alla staði sómt sér betur að láta sér nægja að segja: „Eftir lát Bjarna Sigurðssonar, fyrsta sjúkrahússlæknisins, sóttu allmargir um stöðuna".

6.) Að endingu vil ég segja um mig, að ég er ekki ættfræðingur, þótt ég hafi skrifað nokkrar ættfræðigreinar í Faxa. Ég er sagnfræðingur og hef verið kennari í sögu við þýzka menntaskóla, svo það gefur auga leið, að ég varð að sökkva mér niður í íslenzka ættfræði, ef ég á annað borð vildi kynnast Íslendingum og sögu þeirra.

En þó að ofsagt sé um mig, að ég sé ættfræðingur, mætti mér þykja heiður í þessari nafngift, ef Hilmar ekki á öðrum stað (á bls. 141) segðist hafa hálfgerðan ímugust á ættfræði. En ættfræði er sem undirgrein sagnfræðinnar meira en tómstundagaman. Hún er vísindagrein, sem á síðustu árum er farin að vaxa svo mikið upp úr barnsskónum, að ekki er lengur hægt að afgreiða hana með „ímugust".

Reykjavík, 30. desember 1973.

Friða Sigurðsson.
Dr. phil.

Veggskjöldur úr postulíni

Á vegum Þjóðhátíðarnefndar Reykjavíkur er nú unnið að gerð veggskjaldar úr postulíni í tilefni af Þjóðhátíðarhaldinu í Reykjavík. Skjöldurinn er framleiddur hjá Bing & Gröndahl í Kaupmannahöfn og verður kominn á markað í vor.

Halldór Pétursson, listmálari, hefur unnið að skreytingu skjaldarins, en á efri hluta hans er teikning af útsýni yfir Reykjavíkurhöfn með Esjuna í baksýn, en á neðri hlutanum er útsýn í norður yfir tjörnina með byggingar og Vonarstræti í baksýn. Ekki hefur verið ákveðið verð á skildinum.

Ennfremur hefur Halldór gert tillögu að minnispeningi fyrir nefndina. Hann sýnir styttu Ingólfs Arnarsonar á framhlið með áletruninni „Reykjavík 874-1974" en á bakhlið verður merki þjóðhátíðar í Reykjavík. Peningurinn verður sleginn í eir og silfur. Hann verður 7 sm í þvermál.

Til kynningar á þjóðhátíðarhaldinu í Rvk. lætur nefndin gera veggspjald, sem Halldór Pétursson hefur teiknað. Það er prentað í fjórum litum, og er ætlað til kynningar í gluggum verzlana, í skólum, hjá ferðaskrifstofum og víðar.

Formaður Þjóðhátíðarnefndar Reykjavíkur 1974 er Gísli Halldórsson, forseti borgarstjórnar. Í framkvæmdanefnd eiga sæti. Gísli Halldórsson, Markús Örn Antonsson, Stefán Kristjánsson og Klemens Jónsson. Framkvæmdastjóri er Stefán Kristjánsson.

kr—



Veggskjöldur Halldórs Péturssonar listmálara

Hafliði og Bottone leika á laugardaginn

LAUGARDAGINN 5. janúar, kl. 3, munu Hafliði Magnús Hallgrímsson cellóleikari og Robert Bottone pianóleikari halda tónleika í Austurbæjarbíói á vegum Tónlistarfélagsins í Reykjavík. Hafliði og Robert munu að þessu sinni einnig leika fyrir Tónlistarfélag Akureyrar, og verða þeir tónleikar á sunnudaginn. Á efnisskrá tónleikanna eru verk eftir Britten, Debussy, og íslenzk þjóðlög í útsetningu Hafliða. Eru þetta fjórðu tónleikar fyrir styrktarfélaga félagsins starfsveturinn 1973-'74

Hafliða Magnús Hafliðason þarf vart að kynna. Hann lærði á sínum tíma cellóleik í Róm, og síðar í Lundúnum, við Konunglegu tónlistarakademíuna, þar sem hann hlaut heiðurspening hennar fyrir einleik og hin virtu og eftirsóttu Guilhermina Suggia-verðlaun. Hafliði hefur oft leikið hér á landi, en á síðasta ári fór hann m.a. í hnattferð með enskri kammerhljómsveit, sem hlaut mikið lof í för sinni. Robert Bottone er kunnur enskur pianóleikari. Héldu þeir Hafliði tónleika í Purcellsalnum í Lundúnum við mikið lof, og aftur á sama stað í nóvember s.l. Þar komst gagnrýnandi Daily Telegraph svo að orði, að hinn ungi, íslenzki cellóleikari hefði staðfest það álit, sem hann hefði áður áunnið sér fyrir frábæra tækni, öryggi, hrífandi hljómblæ og tilþrifamikla túlkun.

—Step